

2. gr.

Bannað er að salta grásleppuhrogn um borð í veiðiskipinu. Þá er bannað að nota „móðurskip“ við veiðarnar, nema að fengnu sérstöku leyfi ráðuneytisins. Í umsóknnum um slík leyfi skal gefin lýsing bæði á „móðurskipinu“ og bát eða bátum þeim, sem nota skal til veiðanna. Þá skal og upplýst hvort og þá hvernig slíkar veiðar hafa áður verið framkvæmdar.

3. gr.

Bátum, sem stunda hrognkelsaveiðar, er óheimilt að stunda jafnframt annan veiðiskap svo sem þorskveiðar í net.

4. gr.

Allir þeir, er stunda hrognkelsaveiðar, skulu halda skýrslu um netafjölda, sem vitjað er um og veiðimagn í hverri veiðiferð, veiðisvæði þar sem sérstaklega skal getið hvort veitt hafi verið innan eða utan netlaga og veiðitíma og senda þær til Fiskifélags Íslands eigi síðar en einum mánuði eftir að þeir hafa hætt veiðum. Á þetta bæði við um þá, er stunda veiðarnar samkvæmt sérstökum leyfum sbr. 1. og 2. gr. og þá, sem ekki þurfa slík leyfi til veiðanna.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1976.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. febrúar 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. febrúar 1976:

Óverkaður saltfiskur

Stórfiskur nr. 1	kr. 249.50
Millifiskur nr. 1	— 238.40
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 194.00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 165.60

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Söltuð ufsaflök

15/20	kr. 230.00
21/25	— 222.00
26/30	— 214.00
31/35	— 206.00
36/40	— 198.00

Verð þessi eru c. i. f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrögnum verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. mars 1976.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.